

**Nd.**

## **279. Nefndarálit**

um frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar að beiðni atvinnumálaráðherra, en það mun samið af svo kallaðri „skipulagsnefnd“. Minni hl. allsherjarnefndar óskaði ekki að taka þátt í flutningi þessa máls, að órannsökuðu máli, enda taldi hann, að málið bæri frekar undir menntamálanefnd, og má til rökstuðnings þess vísa til þess ákvæðis í frv., að útvarpið er látið falla undir kennslumálaráðuneytið, í stað atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. En meiri hl. allsherjarnefndar vildi eigi fallast á þetta.

Minni hl. hefir leitað eftir umsögn útvarpsráðs um frv., en hún er enn ókomin, og getur minni hl. eigi beðið lengur eftir henni.

Höfuðbreyting sú, er frv. þetta gerir á núgildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, er um skipun útvarpsráðs. Er sú nýbreytni tekin upp, að þrír menn séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi, þrír kosnir hlutfallskosningu af útvarpsnotendum, en formaður skipaður af ráðherra. Aðalefni þessarar breytingar telur minni hl. til bóta, en álitur þó, að útvarpsnotendur, sem bera uppi rekstur stofnunarinnar, eins og viðurkennt er í greinargerð frv., eigi frekari rétt til íhlutunar um málefni útvarpsins en ráð er gert fyrir í frv. Telur minni hl. rétt, að útvarpsnotendur öðlist rétt til að kjósa meiri hl. útvarpsráðs, enda er nægilega séð fyrir afskiptum ríkisvaldsins af málefnum útvarpsins með kosningu Alþingis á þrem mönnum í útvarpsráð og skipun kennslumálaráðherra á útvarpsstjóra.

Þá telur minni hl., að kennslumálaráðherra beri að leita tillagna útvarpsráðs um skipun útvarpsstjóra, en þetta ákvæði núgildandi laga hefir verið fellt niður úr frv., enda þótt svo segi í greinargerð frv. um 3. gr., er fjallar um þetta atriði, að hún sé „að efni til samhljóða 5. gr. í núgildandi lögum“. Er hér því rangt frá skýrt í greinargerð frumvarpsins.

Loks telur minni hl. það óviðeigandi, að ákveðið skuli, að umboð núverandi útvarpsráðs falli þegar niður, eftir að unnt hefir verið að kjósa nýtt útvarpsráð. Núverandi útvarpsráð er skipað til 1. júlí 1936. Er það óheppileg og hættuleg regla af hendi Alþingis að flæma menn úr stöðum, sem þeir hafa verið löglega skipaðir í, löngu áður en starfstími þeirra er útrunninn. Eiga

menn rétt á að njóta nokkurs öryggis um störf sín í þágu ríkisvaldsins eða einstakra stofnana þess. Vill minni hl. því gera þá breytingu á frv., að núverandi útvarpsráð sitji út sinn þegar ákveðna tíma.

Að þessu athuguðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

#### BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. másl. orðist svo: Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.
2. Við 3. gr. 1. og 2. másl. orðist svo: Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skulu laun hans ákveðin 7500 kr. auk dýrtíðaruppbótar, enda gegni hann engum launuðum auka-störfum.
3. 2. málsgr. 3. gr. orðist svo: Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.
4. Við 4. gr.
  - a. 1. málsgr. orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og fjórir og fjórir til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.
  - b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:

Eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn átta manna o. s. frv.
  - c. 3. málsgr. orðist svo:

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.
  - d. 4. málsgr. falli niður.
  - e. 5. málsgr. orðist svo:

Útvarpsráð kys sér formann og ritara.
  - f. Í stað orðsins „dagskrárstjórn“ í 6. málsgr. og alstaðar síðar í frv. komi: útvarpsráð.
5. Við 5. gr.
  - a. 1. másl. 1. málsgr. orðist svo:

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni.

- b. Í stað „Hún“ í upphafi 2. málsl. sömu málsgr. komi: Það.
  - c. Á undan orðunum „óhlutdrægni gagnvart“ í sama másl. komi: fyllsta.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:  
Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli niður.

Alþingi, 31. okt. 1934.

Thor Thors,      Garðar Þorsteinsson.  
frsm.